



VSÓ RÁÐGJÖF



# AÐALSKIPULAG SVEITARFÉLAGSINS SKAGAFJARÐAR 2020-2035

## BREYTING – SAUÐÁRKRÓKSKIRKJUGARÐUR

Vinnslutillaga til kynningar

sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga

Febrúar 2023



22630

[https://vsoradgjof.sharepoint.com/sites/workpoint\\_41/Project2194/Documents/Skipulagslýsing/ASK\\_Skagafjarðar\\_breytingar\\_lýsing\\_221214.docx](https://vsoradgjof.sharepoint.com/sites/workpoint_41/Project2194/Documents/Skipulagslýsing/ASK_Skagafjarðar_breytingar_lýsing_221214.docx)

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
01	24.02.2023	HTT	ÍAK	SGT

**Unnið af:**

VSÓ Ráðgjöf  
Borgartúni 20, 105 Reykjavík

[www.vso.is](http://www.vso.is)

**Unnið fyrir:**



Sveitarfélagið Skagafjörður  
Skagfirðingabraut 21, 550 Sauðárkrókur



## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b><i>Inngangur</i></b>	<b>1</b>
<b>2</b>	<b><i>Forsendur</i></b>	<b>1</b>
2.1	Aðalskipulagi Skagafjarðar 2020 – 2035	1
2.2	Deiliskipulag	1
<b>3</b>	<b><i>Viðfangsefni aðalskipulagsbreytinga</i></b>	<b>2</b>
3.1	Breytingar í greinargerð	2
<b>4</b>	<b><i>Umhverfismat</i></b>	<b>4</b>
4.1	Matsskylda	4
4.2	Tengsl við aðrar áætlanir	4
4.3	Nálgun og áherslur matsvinnu	4
4.3.1	<i>Einkenni og vægi áhrifa</i>	5
4.3.2	<i>Valkostir</i>	5
4.4	Umhverfisáhrif - niðurstöður	5
<b>5</b>	<b><i>Kynning og samráð</i></b>	<b>5</b>
5.1	Samráð	5
5.2	Umsagnaraðilar	6
5.3	Verkferli	6

## 1 Inngangur


Sveitarfélagið Skagafjörður vinnur að breytingu á *Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020 – 2035* sem felur í sér stækkun Sauðárkróskirkjugarðs til suðurs inn á hluta svæðis sem samkvæmt aðalskipulagi er afþreyingar- og ferðamannasvæði AF-401, tjaldsvæði á Nöfum.

Hér er sett fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi í vinnslu til kynningar sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

## 2 Forsendur

### 2.1 Aðalskipulagi Skagafjarðar 2020 – 2035

Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020 – 2035 var staðfest 4. apríl 2022. Fyrirhuguð breyting tekur til Sauðárkróskirkjugarðs (K-401) og aðliggjandi afþreyingar- og ferðamannasvæðis (Af-401) og opins svæðis (OP-405) á Nöfum.



Mynd 2-1 Hluti þéttbýlisuppráttar Sauðárkróks, kirkjugarður K401 og afþreyingar- og ferðamannasvæði AF401

### 2.2 Deiliskipulag

Ekki er í gildi deiliskipulag svæðinu sem aðalskipulagsbreyting tekur til. Unnið er að gerð deiliskipulags fyrir Sauðárkróskirkjugarð.



### 3 Viðfangsefni aðalskipulagsbreytinga

Sauðárkrókskirkjugarður K-401 er stækkaður til suðurs. Stærð aðliggjandi svæða er breytt til samræmis, þ.e. afþreyingar- og ferðamannasvæðis AF-401 og opins svæðis OP-405.

Ekki er gerð breyting á stefnu aðalskipulags að öðru leyti.

- Breyting á þéttbýlisuppdrætti Sauðárkróks og ný afmörkun svæða er sett fram aftast í greinargerð.

Kirkjugarðurinn og aðstaða honum tengd verður nánar útfærð í deiliskipulagi.

#### 3.1 Breytingar í greinargerð

##### Gildandi aðalskipulag:

##### 4.11.2 Kirkjugarðar og grafreitir (K)

Á Nöfum er Sauðárkrókskirkjugarður. Gert er ráð fyrir að hann stækki til vesturs og heimild er fyrir uppbyggingu aðstöðu í tengslum við kirkjugarðinn.

Tafla 4.10 Kirkjugarðar á Sauðárkróki

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Núverandi (m <sup>2</sup> )	Leyfilegt (m <sup>2</sup> )
K-401	Nafir	4,0	59	1.000

##### Breyting töflu

Tafla 4.10 Kirkjugarðar á Sauðárkróki

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Núverandi (m <sup>2</sup> )	Leyfilegt (m <sup>2</sup> )
K-401	Nafir	5,4	59	1.000

##### Gildandi aðalskipulag:

##### 4.8 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)

Afþreyingar- og ferðamannasvæði eru fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar.

Á Nöfum sunnan við kirkjugarðinn og ofan við ípróttasvæðið er tjaldstæði (AF-401). Gert er ráð fyrir að það verði styrkt og fest í sessi sem tjaldsvæði með þjónustuhúsi og öðrum innviðum til að taka við gestum. Stutt er frá tjaldsvæðinu að sundlaug, fjölbreyttum ípróttasvæðum og í miðbæinn eftir göngustígum. Á Flæðum norðan við sundlaugina hefur verið rekið tjaldsvæði, en gert er ráð fyrir að svæðið byggst upp í samræmi við stefnu miðsvæði M-401 og tjaldsvæðið víki.

Gert er ráð fyrir nýju tjaldsvæði milli Sæmundarhlíðar og Sauðár. Þar er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir húsbíla og hjólhýsi. Með tveimur tjaldsvæðum verður sköpuð mjög góð aðstaða fyrir ferðamenn á Sauðárkróki, sem styður við þá stefnu að gera sveitarfélagið að áfangastað ferðamanna.



Tafla 4.6 Afþreyingar- og ferðamannastaðir (AF) á Sauðárkróki

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Lýsing
AF-401	Tjaldsvæði á Nöfum, sunnan kirkjugarðsins	9,4	Mannvirki sem tengjast tjaldsvæði. Heimilt að byggja allt að 150 m <sup>2</sup> þjónustuhús.
AF-402	Milli Sæmundarhlíðar og Sauðár	3,2	Mannvirki sem tengjast útivist og afþreyingu þ.á m. veitingaþjónusta. Heimilt að byggja allt að 150 m <sup>2</sup> þjónustuhús.
<b>Samtals</b>		<b>12,6</b>	

## Breyting töflu

Tafla 4.6 Afþreyingar- og ferðamannastaðir (AF) á Sauðárkróki

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Lýsing
AF-401	Tjaldsvæði á Nöfum, sunnan kirkjugarðsins	8,6	Mannvirki sem tengjast tjaldsvæði. Heimilt að byggja allt að 150 m <sup>2</sup> þjónustuhús.
AF-402	Milli Sæmundarhlíðar og Sauðár	3,2	Mannvirki sem tengjast útivist og afþreyingu þ.á m. veitingaþjónusta. Heimilt að byggja allt að 300 m <sup>2</sup> þjónustuhús.
<b>Samtals</b>		<b>11,8</b>	

## Gildandi aðalskipulag:

### 4.15 Opin svæði (OP)

Tafla 4.14 Opin svæði (OP) á Sauðárkróki

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Lýsing
OP-401	Leiksvæði í Túnahverfi (tvö svæði)	4,2	Leiksvæði og skríðgarðar.
OP-402	Tún	4,3	Frístundabúskapur. Þar er fjárhús og ræktarland.
OP-403	Sunnan Sauðár, milli Borgargerðis og Skagfirðingabrautar	13	Til framtíðar litið er þetta vel staðsett uppbyggingsvæði í grennd við miðsvæði og þjónustu. Svæðið er nokkur raskað eftir jarðvinnu og losun efna. Óheimilt er að losa efni á svæðinu. Stefnt er að því að bæta ásýnd svæðisins og frágang.
OP-404	Upp með Sauðá	13,2	Útivistarsvæði. Fyrst og fremst gönguleiðir.
OP-405	Ofan Sauðár og byggðar	90	Tún og svæði fyrir frístundabúskap, hlíðin milli Nafa og byggðar. Útivistarsvæði.
OP-406	Sauðá vestan Tjarnar	23,5	Útivistarsvæði. Reiðleiðir / göngustígar. Viðkvæmt svæði.
OP-407	Austan Tjarnar, Borgarsandur	160,0	Svæðið kringum Tjörn og flugvöllinn. Viðkvæmt svæði.
OP-408	Gönguskarðsá	16	Meðfram Gönguskarðsá ofan við virkjun. Útivistarsvæði og gönguleiðir.
OP-409	Vestan Gönguskarðsár	38	Svæðið meðfram Þverárfjallsvegi að Gönguskarðsá, umhverfis athafnasvæði.
OP-410	Blandað útivistarsvæði	35	Svæði sunnan við Hlíðarendavöll og vestan við skógræktarsvæði
OP-411	Gránúmóar	12,6	Svæði kringum athafnasvæði.



Samtals		409,8	
---------	--	-------	--

## Breyting töflu

Tafla 4.14 Opin svæði (OP) á Sauðárkróki (í vinnslu)

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Lýsing
OP-401	Leiksvæði í Túnahverfi (tvö svæði)	4,2	Leiksvæði og skrudgarðar.
OP-402	Tún	4,3	Frístundabúskapur. Þar er fjárhús og ræktarland.
OP-403	Sunnan Sauðár, milli Borgargerðis og Skagfirðingabrautar	13	Til framtíðar litið er þetta vel staðsett uppbyggingarsvæði í grennd við miðsvæði og þjónustu. Svæðið er nokkur raskað eftir jarðvinnu og losun efna. Óheimilt er að losa efni á svæðinu. Stefnt er að því að bæta ásýnd svæðisins og frágang.
OP-404	Upp með Sauðá	13,2	Útivistarsvæði. Fyrst og fremst gönguleiðir.
OP-405	Ofan Sauðár og byggðar	89,5	Tún og svæði fyrir frístundabúskap, hlíðin milli Nafa og byggðar. Útivistarsvæði.
OP-406	Sauðá vestan Tjarnar	23,5	Útivistarsvæði. Reiðleiðir / göngustígar. Viðkvæmt svæði.
OP-407	Austan Tjarnar, Borgarsandur	160,0	Svæðið kringum Tjörn og flugvöllinn. Viðkvæmt svæði.
OP-408	Gönguskarðsá	16	Meðfram Gönguskarðsá ofan við virkjun. Útivistarsvæði og gönguleiðir.
OP-409	Vestan Gönguskarðsár	38	Svæðið meðfram Þverárfjallsvegi að Gönguskarðsá, umhverfis athafnasvæði.
OP-410	Blandað útivistarsvæði	35	Svæði sunnan við Hlíðarendavöll og vestan við skógræktarsvæði
OP-411	Gránúmóar	12,6	Svæði kringum athafnasvæði.
Samtals		409,3	

## 4 Umhverfismat

### 4.1 Matsskylda

Breyting á Aðalskipulagi Skagafjarðar fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og skipulagslög nr. 123/2010.

Umhverfismat tillögu að breytingu aðalskipulagsins tekur mið af nákvæmni og efnistöku aðalskipulags. Nánar er gerð grein fyrir umhverfisáhrifum í deiliskipulagstillögum svæðanna.

### 4.2 Tengsl við aðrar áætlanir

Með hliðsjón af efni og umfangi breytingar er fyrst og fremst horft til markmiða Aðalskipulags Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035.

### 4.3 Nálgun og áherslur matsvinnu

Við umhverfismatið er áhersla lögð á að meta áhrif breytingartillögu að því leyti sem hún víkur frá gildandi aðalskipulagsstefnu.



Helstu áhrif breytingartillögu felast í því að land sem áður var ætlað undir tjaldsvæði á Nöfum verður tekið undir stækkun kirkjugarðsins. Breytingin hefur fyrst og fremst samfélagsleg áhrif, þ.e. hvernig þörfum samfélagsins fyrir grafreiti verður mætt og jafnframt á aðra landnotkun í grennd.

#### 4.3.1 Einkenni og vægi áhrifa

Í samræmi við niðurstöður matsspurninga og hvernig þær falla að viðmiðum er lagt mat á vægi umhverfisáhrifa. Flokkun umhverfisáhrifa er eftirfarandi:

Mjög neikvæð (--)	Neikvæð (-)	Engin/óveruleg (0)	Jákvæð (+)	Mjög jákvæð (++)
Umfang áhrifa mikið, gengur gegn helstu viðmiðum.	Umfang áhrifa er nokkuð, fellur ekki að viðmiðum að hluta.	Umfang áhrifa er lítið eða ekkert. Fellur að viðmiðum.	Umfang áhrifa er nokkuð, fellur að viðmiðum að hluta.	Umfang áhrifa mikið, er í samræmi við öll viðmið.

Ef áhrif á umhverfispátt eru metin mjög neikvæð er brugðist við með breytingu á stefnu eða mótvægisaðgerðum. Einnig mun matsvinnan nýtast til þess að skilgreina mögulegar vöktunaraðgerðir ef óvissa ríkir um möguleg umhverfisáhrif.

#### 4.3.2 Valkostir

Umhverfismatið skoðar áhrif breytingartillögu og til samanburðar áhrif framfylgdar óbreyttrar stefnu aðalskipulags.

#### 4.4 Umhverfisáhrif - niðurstöður

Niðurstöður fyrir umhverfispætti og samanburður áhrifa breytingartillögu og gildandi aðalskipulags, þ.e. núllkosts.

Umhverfispáttur	Valkostur 0 Aðalskipulag Skagafjarðar 2020-2035	Breytingartillaga – AF-402 stækkað Aðalskipulag Skagafjarðar 2020-2035
Samfélag		
Samfélag	Kirkjugarður á Nöfum er mikilvægur til að mæta þörfum samfélagsins fyrir grafreiti.	Stækkun kirkjugarðs mæti betur þörfum fyrir grafreiti til framtíðar lítið.
Landnotkun	Svæði AF-401 skapar aðstöðu fyrir ferðaþjónustu og OP-405 er víðfemt útivistarsvæði.	Breytingin hefur lítil áhrif á aðliggjandi landnotkun vegna lítills umfangs stækkunar kirkjugarðs.

## 5 Kynning og samráð

### 5.1 Samráð

Samráð og kynningar fyrir almenning, íbúa og helstu umsagnaraðila verða í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Kynnt verður vinnslutillaga og eftir yfirferð Skipulagsstofnunar er breytingartillaga fullgerð, síðan auglýst og send umsagnaraðilum.

Öll skipulagsgögn, þ.e. (1) lýsing skipulagsverkefnis, (2) tillaga á vinnslustigi og drög að umhverfisskýrslu, (3) tillaga að aðalskipulagsbreytingu og umhverfisskýrsla verða aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins [skagafjordur.is](http://skagafjordur.is)





## 5.2 Umsagnaraðilar


Óskað verður eftir umsögnum eftirtalinna aðila um vinnslutillögu og endanlega auglýsta breytingartillögu ásamt umhverfismatskýrslu hennar.

- Skipulagsstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra
- Sauðárkróskirkjugarður
- Umhverfisstofnun
- Ferðamálastofa


## 5.3 Verkferli

Skipulagsferlið skiptist í megin verkþætti, sem eru:

1. Lýsing skipulagsverkefnis var í kynningu til 8. mars 2023
2. Breytingartillaga á vinnslustigi, kynning og yfirferð Skipulagsstofnunar: Mars 2023
3. Breytingartillaga til auglýsingar: Apríl 2023
4. Samþykkt aðalskipulagsbreyting staðfest af Skipulagsstofnun og gildistaka: Júní 2023



Gildandi aðalskipulag í mkv. 1:10 000 staðf. 04.04.2022



Tillaga að breytingun í mkv. 1:10 000 dags. 27.02.2023

Skýringar

- Hús
- Náttúruvá
- neysluvatn
- Gönguleið
- Stofnvegur
- Tengivegur
- Aðrir vegir/götur
- Afþreyingar- og ferðamannasvæði
- Kirkjugarðar og grafreitir
- Miðsvæði
- Opin svæði
- Íbúðarbyggð
- Íþróttasvæði

Mörk skipulagsbreytinga

**Samþykkt og staðfesting**

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn

þann \_\_\_\_\_ 2023

\_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun

þann \_\_\_\_\_ 2023

\_\_\_\_\_

**Breyting á Aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2035**  
**Þéttbýlisuppdráttur Sauðárkrókur**  
**Kirkjugarðar og grafreitir,**  
**opin svæði og**  
**afþreyingar- og ferðamannasvæði.**

Stækkun á kirkjugarður- og grafreitir K 401 á Sauðárkróks

---

Hnitakerfi: [ISN93] Bláðstærð: A4

---

**VSÓ RÁÐGJÖF**

---

Teikning: 22630\_A\_T\_THU\_02

---

Skipulag: ÍAK Yfirfarið: HTT

---